

Kristín Ósk Matthíasdóttir
Þverá
451 Þverá Vatnsfirði

Reykjavík, 10. 6. 2022
UST202205-060/F.T.
08.12.02

Efni: Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 5. maí 2022 þar sem stofnunin áformaði að áminna fiskeldi Kristínar Óskar Matthíasdóttur vegna fráviks er skráð var í eftirliti þann 13. desember 2021. Frestur var veittur til 19. maí til að skila inn staðfestingu á úrbótum eða tímasettri úrbótaáætlun.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Allur atvinnurekstur sem talinn er upp viðauka II í lögum nr. 7/1998 skal hafa gilt starfsleyfi. Rekstraraðili starfar án starfsleyfis og skal því sækja um starfsleyfi í þjónustugátt Matvælastofnunar, eða hætta rekstri, hið allra fyrsta. **Rekstraraðili sótti um starfsleyfi þann 30. mars sl. Í sniðmáti fyrir umsókn um starfsleyfi kemur fram hvaða gögnum skuli skila samhliða umsókn. Þann 13. apríl var bent á af hálfu stofnunarinnar að fjölmörg gögn vantaði í umsóknina. Í öðrum pósti síðar sama dag var rekstraraðila gerð grein fyrir áhrifum þess að umrædd gögn vantaði í umsóknina, þ.e. að umsóknin væri ófullnægjandi, og tiltekið að sú umsókn sem borist hefði væri ekki fullnægjandi viðbrögð hvað úrbætur við frávikinu varðaði. Nauðsynlegt væri því að senda tímasetta úrbótaáætlun hvað varðaði framhald málsins. Lögð var áhersla á að ef stofnunin fengi ekki viðbrögð innan tveggja vikna, yrði beiting þvingunarúrræða tekin til skoðunar skv. lögum nr. 7/1998. Rekstraraðili brást ekki við framangreindu.**

Umhverfisstofnun veitti frest til að senda inn tímasetta áætlun um úrbætur vegna framangreindra frávika til 19. maí 2022. Stofnuninni hefur ekki borist tímasett áætlun um úrbætur né staðfesting á því að úrbætur hafi farið fram og veitir því rekstraraðila áminningu, sbr. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er gerð krafa um úrbætur. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til 24. júní nk. til þess að skila inn tímasettri áætlun um úrbætur eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Verði rekstraraðili ekki við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 2. mgr. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018, með síðari breytingum. Þær aðgerðir yrðu áformaðar sérstaklega og andmælafrestur veittur.

Umhverfisstofnun bendir á að heimilt er að vísa ákvörðun þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Vakin skal athygli á því að áminning þessi verður birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsíðu sinni sjónarmið fyrirtækisins.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 38.000 kr.**

Virðingarfyllst

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius
lögfræðingur